

eða á mánuði hjá kenslukonunni í
 Gautagötu, og þegar slarkararnir
 höfðu ólæti og hávaða, þá sendi
 Madama Pétursson strákinn, sem
 þvodi ílótin, yfir til maturtasalans,
 og þá kom hann strax og bylti
 slörkurunum út, og stúkan hjá vin-
 br egrennum hún stóð fast á því,
 að hann fengi átta skillinga fyrir
 lvern slarkara, sem hann gæti
 stungið á hausinn út fyrir dyrnar,
 en það gat vel verið, að það væri
 bakmægi, því hún, Amakurkonan,
 væri ekki ein af þeirri tegund, sem
 þátti, að allt væri satt, sem vinnu-
 fólk segði um betri stéttar fólk,
 því hún, Amakur-konan, hafði svo
 sem vinnufólk líka, og það var
 sannarlega óþjóðalýður. Því
 það var þó eitthvöld hálf kvikindis-
 legt, að maður, sem var "borgari"
 og grænmetissali skyldi geta nið-
 urlegt sjálfan sig til þess að kasta
 drykkj-rátum á dyr. Það var að
 setja sjálfan sig á sama mannfé-
 lagsstig og slarkarana, sem hann
 henti út. Þei... já, eg segi ekki
 fleira, herra Pétursson, því þarna
 stendur einn þinn langversti af þeim
 öllum saman, þessi með illilega
 augnatillitinu, sem stendur þarna
 og ekur sér upp við hvassasta
 hornið á Sprengigötu. En guð
 mátti vita, að það var satt, að
 Madama Pétursson hafði keypt
 staðinn fyrir þrem árum, þegar
 gamli veitingamaðurinn, hann
 Vilming litasali var dauður—hann
 hafði nú reyndar verið kaftinn í
 borgaralega stórskotaliðinu, og
 það hafði hún með sanni eftir

kryðmangaradrennum yfir á
 horninu á Köngsdæragötu, að það
 voru eingöngu gamlar veðskullir,
 sem lágu í þessu húsi við Þorra-
 stíg.

Pétri J. Péturssyni fór með degi
 hverjum að litast betur og betur á
 kjumaddömu Pétursson.

Margsinnis stóð hann tímum
 saman í dimma stofuganginum í
 húsinu, sem hann átti heima í, og
 horfði yfir í kjallarann. Þetta var
 um sumar og dyrnar út að gítunum
 stóðu opnar. Hversu hún gat verið
 nettleg innan um þessa döme-
 legu gesti, og hve hendin á henni
 gat sífelt verið útrétt til þess að
 taka á móti peningum. Það var
 kannske lygi, eins og Amaku-
 konan gat líka til, þessi saga um
 frænda hennar, fyrrum fötgöngu-
 liðsmann, grænmetissalann. Því
 allt fór svo rölega fram í veitinga-
 stofu ekkjumaddömunnar, að P. J.
 Pétursson — hæ, hæ, hæ, það var
 annars skritið, að þau veru bæði
 Pétursson! — gat ekki gjört sér
 í hugarlund að nokkurn tíma væri
 þörf á manni til að kasta fólk á
 dyr á jafn friðsamlegum stað.

Herra trúr! Hún var að nurla
 saman, eins og hann, hún var að
 hugsa um "gömlu konuna", eins
 og hann hafði verið að hugsa um
 "gamalmennið" allt frá þeim tíma
 er hann var kryðdmangardrengur
 við Austurbrú. Hem, hem, hem,
 hem! Nú voru þau bæði komin til
 ára sinna.

Madama Pétursson var þrifleg
 og nett kona; hí, hí, hí! Já, hún